

## Tillaga til þingsályktunar

um að draga til baka umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu.

Flm.: Inga Sæland, Guðmundur Ingi Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að draga til baka umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu.

### Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var lögð fram á 150. löggjafarþingi (363. mál) og er nú lögð fram að nýju óbreytt.

Nú er liðinn meira en áratugur frá því að Ísland sótti um að hefja aðildarviðræður um inn-  
göngu í Evrópusambandið og sjö ár frá því að hlé var gert á aðildarviðræðum. Samninga-  
nefnd Íslands var leyst upp árið 2013 og vorið 2015 sendi þáverandi utanríkisráðherra bréf  
til formanns ráðherraráðs Evrópusambandsins og framkvæmdastjóra nágrannastefnu og að-  
ildarviðræðna sambandsins þess efnis að ríkisstjórn Íslands hefði engin áform um að hefja  
aðildarviðræður að nýju og að ekki bæri að líta á Ísland sem umsóknarríki. Ákveðin óvissa  
ríkir þó um stöðu aðildarumsóknar Íslands.

Í kjölfar bréfsins lýsti talsmaður stækkunardeildar Evrópusambandsins því yfir að sam-  
bandið liti ekki svo á að Ísland hefði dregið aðildarumsóknina til baka og að bréfið væri ekki  
ígildi uppsagnar. Á heimasíðu Evrópusambandsins er sagt að breytingar hafi verið gerðar á  
verklagi í kjölfar þess að ríkisstjórn Íslands hafi beðið um að ekki yrði litið á Ísland sem  
umsóknarríki. Ekki er þó ljóst hvort Evrópusambandið liti svo á að umsóknin hafi verið  
dregin til baka eða hvort sambandið hafi einungis fært Ísland af lista yfir umsóknarríki til  
málamynda en telji umsóknina enn fullgilda.

Aðildarumsókn Íslands var lögð fram í kjölfar þess að Alþingi samþykkti þingsályktunar-  
tillögu þess efnis að fela ríkisstjórninni að leggja inn umsókn um aðild Íslands að Evrópu-  
sambandinu. Alþingi hefur aftur á móti aldrei samþykkt tillögu um að umsóknin verði dregin  
til baka. Tillögur þess efnis hafa verið lagðar fram en ekki hlotið brautargengi.

Þessi þingsályktunartillaga er lögð fram til þess að tryggja að Ísland dragi til baka umsókn  
sína um aðild að Evrópusambandinu.